

**Nd.**

**327. Frumvarp til laga**

um breyt. á lögum nr. 79 14. nóv. 1917, um samþykktir um lokunartíma sölubúða í kaupstöðum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Í kaupstöðum og kaптúnunum geta bæjarstjórnir og hreppsnefndir gert samþykktir um lokunartíma sölubúða.

2. gr.

Í stað orðsins „bæjarstjórn“ á tveim stöðum í 3. gr. laganna komi: bæjarstjórn eða hreppsnefnd.

3. gr.

Fyrirsögn laganna verði þannig:

Lög um samþykktir um lokunartíma sölubúða.

4. gr.

Er frv. þetta er orðið að lögum, skal færa það og lög nr. 12 frá 1928 inn í meginmál laganna (79 frá 1917) og gefa þau út þannig breytt.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.